

Föstudaginn 19. maí 1995.

Nr. 4/1995

**Alþýðusamband Íslands**

**f.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna**

(Lára V. Júlíusdóttir hrl.)

gegn

**Ríkisútvarpinu**

(Jóhannes Björnsson hdl.)

Kjarasamningur. Dómsvald Félgsdóms. Frávísun. Sératkvæði.

**Úrskurður Félgsdóms.**

Málið úrskurðað Auður Þorbergsdóttir, Erla Jónsdóttir, Gylfi Knudsen, Arnmundur Backman og Guðmundur Skaftason.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 27. apríl sl. að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefnda, er höfðað með stefnu birtri 10. mars sl.

Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist vegna veikinda eins dómarans.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, fyrir hönd Félags íslenskra hljómlistarmanna, kt. 530169-5539, Rauðagerði 27, Reykjavík.

Stefndi er Ríkisútvarpið, kt. 540269-5729, Efstaleiti 1, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að viðurkennt verði með dómi að stefndi hafi brotið 1. tl. 1. gr. kjarasamnings aðila frá 26. júní 1990 með því að greiða félagsmönnum FÍH þeim Eiði Alfreðssyni, Jón E. Hafsteinessyni, Sigurði Ingimarssyni og Tómasi Jóhannssyni fyrir flutning í þættinum „Á tali hjá Hemma Gunn“ þann 10. mars 1993 greiðslur sem eru lægri en kjarasamningur kveður á um.

2. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Löggarðs hf.

Dómkröfur stefnda eru:

Aðallega að málinu verði vísað frá dómi. Til vara er þess krafist að Ríkisútvarpið verði sýknað af kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins

Frávísunarkrafa stefnda er hér til úrskurðar.

*Málavextir.*

Í stefnu er málavöxtum lýst svo að í gildi sé samningur milli Félags íslenskra hljómlistarmanna og Ríkisútvarpsins um vinnu og

flutning á hljómlist í útvarpi og sjónvarpi dagsettur 26. júní 1990. Í samningnum sé kveðið á um greiðslur fyrir hljómlistarflutning og fleira. Mörg dæmi hafi verið um að félagar í FÍH hafi komið fram í sjónvarpsþáttum á borð við „Á tali hjá Hemma Gunn“ og hafi þeir fengið eingreiðslu fyrir sem hafi verið mun lægri en kjarasamningur kveði á um og algengt sé að þeir fái kr. 5.000 fyrir þáttinn og jafnvel að þeir komi fram án endurgjalds. Hljómlistarmennirnir mæti þá daginn áður hjá sjónvarpinu og æfi upptökuna í nokkra klukkutíma en komi síðan fram í þættinum og spili. Þátturinn sé síðan endurfluttur nokkrum dögum síðar.

Í þættinum „Á tali hjá Hemma Gunn“ 10. mars 1993 hafi fjórir félagsmenn, þeir Eiður Alfreðsson, Jón E. Hafsteinsson, Sigurður Ingimarsson og Tómas H. Jóhannsson komið fram sem hljómsveitin „Sigtryggur dyravörður“ og flutt þar lag. Greiðsla til þeirra hvers um sig hafi numið kr. 5.000, en samkvæmt kjarasamningi stefnda og stefnanda bæri hverjum þeirra greiðsla að fjárhæð kr. 23.834 fyrir flutninginn. Hér sé um brot á kjarasamningnum að ræða. Engir samningar hafi verið gerðir við flytjendur um flutninginn fyrirfram heldur hafi Ríkisútvarpið ákveðið einhliða greiðslur sem séu undir taxa FÍH. Flutningsmenn hafi strax haft samband við FÍH, sem hafi þegar óskað leiðréttingar á þessum greiðslum, en stefndi hafi ekki orðið við þeim óskum. Þau samningsbrot sem hér sé stefnt út af séu ekki einsdæmi og hægt sé að nefna fjölmörg önnur dæmi vegna þessa sama þáttar og eins þátta á borð við Dagsljós og þáttinn Gesti og gjörninga.

Þann 26. nóvember 1993 sendi Benedikt Davíðsson, forseti Alþýðusambands Íslands, bréf til Heimis Steinssonar, útvarpsstjóra þar sem mótmælt hafi verið síendurteknum brotum á kjarasamningnum FÍH við Ríkisútvarpið. ASÍ og FÍH kröfðust þess að yfirstjórn stofnunarinnar tryggði það að viðkomandi aðilar í stofnuninni myndu standa við þá kjarasamninga sem í gildi væru.

Þann 14. desember 1993 barst ASÍ bréf frá Heimi Steinssyni, útvarpsstjóra þar sem vísað er í bréf dagskrárstjóra innlendrar dagskrárdeildar Sjónvarpsins til útvarpsstjóra. Í því bréfi segi að í samningi RÚV og FÍH sé tekið fram að sérstaklega megi semja um greiðslur fyrir tónlistarflutning í Sjónvarpi og það hafi verið gert í þessum tilfellum. Hér hafi jafnan verið um verktakagreiðslur að ræða og sé litið svo á að hluti af umbun tónlistarmanna fyrir að

flytja list sína í sjónvarpssal sé fólgin í þeirri kynningu sem þarna býðst.

Með bréfi dagsettu 16. desember 1993 krafðist lögmaður stefnanda að gildandi kjarasamningur væri virtur. Þær greiðslur sem vitnað sé til í bréfi dagskrárstjóra séu miklu lægri en gildandi samningar. Við þessari kröfu hefur ekki verið orðið.

Með bréfi dagsettu 10. febrúar 1994 tilkynnti formaður FÍH útvarpsstjóra að FÍH myndi hefja aðgerðir gagnvart RÚV í mótmælaskyni vegna stöðugra brota á kjarasamningi FÍH og RÚV frá 1990 og er það gert með þessari málssókn. Þrátt fyrir viðræður aðila í milli og bréfaskipti hefur samkomulag ekki náðst.

*Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Um greiðslur til félagsmanna stefnanda skuli stefndi fara eftir kjarasamningi aðila frá júní 1990. Í 1. gr. samningsins sé kveðið á um það að samkomulagið gildi um kaupsamninga milli RÚV og félagsmanna FÍH sé ekki samið á annan veg um einstök verkefni til hækkunar frá því sem greinir í samningnum. Engir slíkir samningar hafi verið gerðir milli aðila heldur hafi stefndi einhliða ákveðið greiðslur fyrir leik manna í þessum þætti.

Í 2. gr. kjarasamnings FÍH og RÚV sé kveðið á um hvaða greiðslur eigi að koma fyrir hljóðfæraleik og í 11. gr. sé fjallað um það hvaða greiðslur skuli koma fyrir hverja vinnustund í hljóðveri. Samkvæmt kjarasamningi og þá gildandi kauptaxta hafi borið að greiða fyrir þá vinnu sem hér var unnin kr. 23.834, sem sundurliðist þannig: Fyrir flutning lifandi tónlistar allt að 10 mínútum kr. 8.728, fyrir endurútsendingu kr. 1.309, fyrir vinnu í hljóðveri 3,5 klst. á 1.642/-, kr. 5.745 og fyrir vinnustundir vegna útsendingar 1 klst. á 1.642/- og 1 klst. á kr. 2.874, kr. 4.516, þannig samtals kr. 20.298. Ofan á þá fjárhæð reiknist síðan 10,17% orlof, 6% lífeyrissjóður, 1% sjúkra-sjóðsgjald og 0,25% orlofssjóðsgjald, samtals kr. 3.536. Heildartalan verði því kr. 23.834.

Í 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda sé kveðið á um það að laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semji um skuli vera lágmarkskjör. Þar segi einnig að samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveði skuli vera ógildir. Því séu þessir samningar, sem í raun sé einhliða ákvörðun annars aðila, ógildir þar sem þeir kveði á um lak-

ari kjör. Skýrt orðalag 1. gr. kjarasamningsins um að einungis sé heimilt að semja á annan veg til hækkunar, svo og 12. gr. starfskjara-laga valdi því að RÚV hafi brotið samninga og lög gagnvart fé-lagsmönnum FÍH.

Krafan um greiðslu orlofs styðst við ákvæði orlofslaga nr. 30/1987. Um greiðslu lífeyrissjóðs, sjúkrasjóðs og orlofssjóðs vísast auk kjarasamninga til laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysa-forfalla.

Kröfu um málskostnað styður stefnandi við 21. kafla einkamála-laga nr. 91/1991.

#### *Málavaxtalýsing stefnda.*

Af hálfu stefnda er því haldið fram að Jón Elvar Hafsteinsson hafi verið hljómsveitarstjóri og fyrirsvarsmaður hljómsveitarinnar „Sigtryggur dyravörður“ í samskiptum við Hermann Gunnarsson stjórnanda þáttarins sem hljómsveitin kom fram í. Hljómsveitina skipuðu þeir fjórir einstaklingar sem dómkröfur stefnanda varða.

Hljómsveitarstjórinn hafi farið þess á leit við stjórnanda þáttarins nokkru fyrir jólin 1992 að hljómsveitin fengi að koma fram í nefnd-um þætti. Áréttaði hann þá beiðni sína nokkrum sinnum, eða þar til að stjórnandinn lét til leiðast og féllst á að hljómsveitin fengi að koma fram og leika eitt lag. Stjórnandinn og hljómsveitarstjórinn hafi samið svo um, þegar þetta var bundið fastmælum, að hljómsveitarmeðlimirnir kæmu fram sem verktakar á grundvelli verk-samnings og verklaunin yrðu 5 þúsund á mann.

Samningar þessir hafi verið munnlegir. Þeim til staðfestu séu þó uppgjörsseðlarnir fjórir á dskj. nr. 4, hver undirritaður af hlutaðeig-andi verktaka, samningsgerð þessari til staðfestu, sem og því að uppgjör hafi farið fram í samræmi við samninga þá sem gerðir voru. Þannig séu staðgreiðsluskattur og launatengd gjöld meðhöndluð eins og hefðbundið sé að gera um hverja aðra verksamninga og beri uppgjörsseðlarnir á dskj. nr. 4 þetta með sér.

Það sé því rangt sem í stefnunni segir að engir samningar hafi verið gerðir um flutninginn fyrirfram. Einnig sé það rangt að leið-réttingaróskir hafi verið bornar fram hvað sérstaklega varðar þetta einstaka tilvik. Af sérstakri óánægju meðlima hljómsveitarinnar „Sigtryggur dyravörður“ hafi forsvarsmenn Sjónvarpsins ekki frétt

fyrir en með málshöfðun þessari, tveimur árum eftir útsendingu þáttarins.

Þá hafi Ríkisútvarpinu ekki verið tilkynnt af þeim sem nefndan samning gerðu né þeim sem hann varðar, að þeir telji sig af honum óbundna eða rétt á sér brotinn með gerð hans.

Loks séu fjárhæðir sem tileinkaðar eru hverjum hljóðfæraleikaranna í stefnunni rangar þótt talið yrði að leggja ætti samning málsaðila frá 26. júní 1990 til grundvallar uppgjöri og er þeim mótmælt. T.a.m. séu einstaklingum tileinkaðar fjárhæðir sem tilheyri 3ja aðila þ.e. ýmsum sjóðum ef samning þennan bæri á annað borð að leggja til grundvallar uppgjöri.

Stefnandi hafi ekki véfengt heimildir félagsmanna til gerðar verk-samninga almennt, enda hafi það komið fram í viðræðum við forsvarsmenn stefnanda að félagsmenn stefnanda eigi skattalega hagsmuni í því fölgna að gerast verktakar samhliða launðum störfum skv. vinnusamningi, vegna gjaldfærslumöguleika á kostnaði við öflun og rekstur hljóðfæra, skili þeir rekstrarreikningi til skattyfirvalda sem verktakar.

Stefnandi hafi hins vegar gert sérstakar athugasemdir við verk-samninga þá sem einstakir félagsmenn hafi gert um flutning í þættinum „Á tali hjá Hemma Gunn“ og vísað í því sambandi til verk-launaákvörðunar í þessum samningum, en ekki þess sérstaklega að samningsformið sé verksamningur.

Svo sem fram komi í dskj. nr. 15 sé verksamningsformið nær allsráðandi hvað varðar flutning og framkomu í þættinum „Á tali hjá Hemma Gunn“.

Þannig komi þeir hljómlistarmenn sem fyrstir eru taldir á greindu dómskjali, þ.e. nr. 15, ávallt fram sem verktakar, þ.e. þeir sem skipi föstu hljómsveitina í þættinum og séu verklaun þeirra tilgreind á greiðsluyfirlitinu, sem og annarra sem þar koma fram, utan þess að greiðsla til Menningarsjóðs FÍL sé af hendi innt á grundvelli samnings Félags íslenskra leikara.

Hins vegar sé algengt að leikarar komi fram í útvarpi á grundvelli verksamnings, sem og söngvarar, prestar og ýmsir aðrir sem með reglubundnum hætti eða tilfallandi koma fram í dagskrá Ríkisútvarpsins.

Fréttaritara Ríkisútvarpsins á landsbyggðinni og erlendis séu verktakar svo enn séu dæmi nefnd.

*Málsástæður og lagarök stefnda varðandi frávísunarkröfuna.*

Frávísunarkrafan er þeim rökum studd að það falli utan verksviðs Félagsdóms að dæma mál þetta.

Samningur sá sem dómkröfur máls þessa byggjast á sé höfundaréttarsamningur samkvæmt ákvæðum 45. gr. höfundalaga nr. 73/1972, sem ákvæði 2. t. l. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 taka ekki til. Jafnframt eigi I. kafli höfundalaga við um það tilvik sem dómkröfurnar varða.

Listamenn séu gjarnan flokkaðir sem skapandi listamenn eða sem túlkandi listamenn. Algengt viðhorf sé að gefa hinu listræna skapandi starfi aukið vægi umfram flutningsstarf og setja skapandi listamenn skör hærra en hina ýmsu túlkendur verka. Þegar hljóm-sveitin „Sigtryggur dyravörður“ flutti eigið lag „Ég get og ég hef“ hafi hún túlkað eigin sköpunarverk, sem Sjónvarpið hafði að þeirra beiðni fallist á að birta með þeim hætti sem um hafi verið samið. I. kafli höfundalaga eigi við um birtingu eigin tónsmíða og sé birting m.a. skilyrði réttarverndar.

Hljómlistarmenn séu sem slíkir túlkandi listamenn og njóti túlkun höfundaréttar skv. höfundalögum, sbr. ákvæði 45. gr. Með samningi málsaðila frá 26. júní 1990 sé kveðið á um endurgjald fyrir afnot Ríkisútvarpsins af höfundarétti félagsmanna stefnanda, afnotarétt sem felist í útsendingarrétti á tónlist sem þeir túlki með flutningi sínum.

Samkvæmt samningnum byggist endurgjaldið ekki alltaf á vinnu eða vinnusambandi Ríkisútvarpsins og félagsmanna stefnanda.

Þannig sé ekki um neina vinnu að ræða þegar greitt sé skv. samningnum fyrir endurútsendingu efnis sem áður hafi verið sent út beint, heldur sé um hrein höfundaréttarleg afnot að ræða, sbr. 5. gr. Hið sama eigi við um 6. gr. samningsins og raunar einnig 2. og 4. gr. samningsins. Þegar 3. gr. samningsins eigi við sé ekki um að ræða vinnusamband milli Ríkisútvarpsins og flytjenda. Meginefni og inntak samningsins varði því endurgjald fyrir afnot höfundaréttar flytjenda. Meginefni og inntak eiginlegs kjarasamnings sé hins vegar vinna á grundvelli vinnusamnings og endurgjald fyrir hana.

Samningur málsaðila sé því ekki kjarasamningur í merkingu 2. t. l. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Né heldur taki hann til þeirra tilvika þegar höfundar tónsmíða semji við Ríkisútvarpið um birtingu á tón-

smíðum sínum, sbr. ákvæði 4. mgr. og 6. mgr. 2. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

Ríkisútvarpið og þeir einstaklingar sem dómkröfur stefnanda varða hafi hins vegar gert slíkan samning. Dómkröfur stefnanda lúti að því að sá samningur teljist réttarbrot.

Slíkan ágreiningur megi Félagsdómur ekki leggja dóm á.

Í öðru lagi er frávísunarkrafan þeim rökum studd að það falli því síður undir verksvið Félagsdóms að fjalla um og skýra efni verk-samninga, en að fjalla um og skýra efni höfundaréttarsamninga, í ljósi ákvæða 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938.

*Mótmæli stefnanda við frávísunarkröfu stefnda.*

Stefnandi krefst þess að framkominni frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og stefnanda dæmdur málskostnaður að skaðlausu í þessum þætti málsins. Samningur FÍH og RÚV frá 26. júní 1990 sé kjarasamningur sem uppfylli öll skilyrði laga nr. 80/1938 að því er varðar aðild, form og efni. Stefndi hafi ekki lagt fram nein gögn sem styðja það að um verksamning hafi verið að ræða.

*Niðurstaða.*

Ekki verður fallist á það með stefnda að samningur FÍH og RÚV frá 26. júní 1990 sé höfundaréttarsamningur skv. 45. gr. laga nr. 73/1972. Samningur þessi ber heitið: Samningur um vinnu og flutning á hljómlist í útvarpi og sjónvarpi milli FÍH og RÚV. Samkvæmt upphafsákvæði samningsins fjallar hann um launataxta og önnur atriði vegna hljóðritana eða beinna útsendinga á tónlist og flutnings tónlistar. Samningurinn fullnægir að formi og efni skilyrðum laga nr. 80/1938 til að vera gildur kjarasamningur milli aðila og fellur ágreiningur um túlkun hans því undir verksvið Félagsdóms, sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laganna.

Úrlausn ágreinings aðila um hvort greiðsla fyrir framlag hljómsveitarinnar „Sigtryggs dyravarðar“ í þættinum „Á tali hjá Hemma Gunn“ þann 10. mars 1993 hafi byggst á verksamningi eða vinnu-samningi er til skoðunar við efnismeðferð máls þessa.

Samkvæmt framansögðu er hafnað kröfu stefnda, RÚV, um frávísun málsins frá Félagsdómi.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

## Ú r s k u r ð a r o r ð:

Frávísunarkröfu stefnda, Ríkisútvarpsins, er hrundið.  
Málskostnaður dæmist ekki í þessum þætti málsins.

**S é r a t k v æ ð i**  
**Guðmundar Skaftasonar**

Ég tel að ekki verði kveðið á um dómsvald Félagsdóms sem sér-  
dómstóls í málinu án þess að taka afstöðu til þess, hvers eðlis sá munn-  
legi samningur var, sem málsaðilar gerðu um tónlistarflutninginn.

Af málf lutningi aðila að dæma verður við það að miða, að fyrir-  
svarsmaður hljómsveitarinnar „Sigtryggur dyravörður“ hafi leitað  
eftir því við stjórnanda þáttarins „Á tali hjá Hemma Gunn“, að  
hljómsveitin fengi að koma fram í nefndum þætti. Úr varð að í þætt-  
inum 10. mars 1993 lék hljómsveitin lag sitt „Ég get og ég hef“. Endurgjald fyrir tónlistarflutninginn var gert upp á grundvelli  
verksamnings og nam samkvæmt greiðslukvittun útgefinni 19. mars  
1993 kr. 5.000 til hvers hljómsveitarmanns. Hljómsveitarmennirnir  
samþykktu uppgjórið þannig lagað og er ósannað að athugasemdir  
hafi verið gerðar út af þessu sérstaka uppgjóri fyrir en með máls-  
höfðun þessari. Öðrum þátttakendum í umræddum þætti var greitt  
á sama grundvelli.

Byggja verður úrlausn frávísunarkröfunnar á þeirri staðreynd að  
hljómsveitin flytur og túlkar frumsamda tónlist. Samkvæmt reglum  
Útvarpslaga nr. 68 1985 um tjáningarfrelsi í útvarpi, sbr. 15. gr., og  
ábyrgð á útvarpsefni, sbr. 35. gr., hefir Ríkisútvarpið ekki rétt til af-  
skipta af flutningi eða túlkun tónsmíðarinnar eða gerð hennar.  
Hljómsveitin vann þannig á eigin ábyrgð og bar ábyrgð á verkinu.  
Ríkisútvarpið lét raunar ekki annað í té en aðgang að fjölmiðlinum.  
Af þessum sökum þykir á skorta um húsbóndavald hjá Ríkisút-  
varpinu til að samningur málsaðila geti talist vinnusamningur, sem  
falli undir 44. gr. laga nr. 80 1938. Þótt samningur aðila frá 26. júní  
1990 sé efnislega kjarasamningur að ýmsu leyti þykir hann ekki því  
til fyrirstöðu, að aðilar geti gert með sér samning eins og þann sem í  
máli þessu ræðir um. Í texta samningsins er orðið „kjarasamningur“  
ekki notað heldur vísað til almennra hugtaka með orðunum „samn-  
ingur“ eða „samkomulag“. Að ofangreindu virtu verður að telja, að  
úrlausn máls þessa liggja utan dómsvalds Félagsdóms og ber því að  
vísa málinu frá dómi.



Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda málskostnað að fjárhæð kr. 30.000.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Stefnandi, Alþýðusamband Íslands f.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna, greiði stefnda, Ríkisútvarpinu, 30.000 krónur í málskostnað.

**Dómur Hæstaréttar 9. júní 1995.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 24. maí 1995. Kærður er úrskurður Félagsdóms 19. maí sl. um að hafna frá-vísunarkröfu sóknaraðila. Kæruheimild er í 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurðinum verði hrundið og málinu vísað frá Félagsdómi og sér dæmdur málskostnaður þar fyrir dómi og kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins, málskostnaðar fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaðar.

Málavöxtum er lýst í úrskurði Félagsdóms. Þar kemur fram, að félagar í hljómsveitinni Sigtryggi dyraverði komu fram í þættinum Á tali hjá Hemma Gunn í eitt einstakt sinn. Samningur, eins og gerður var við hljómsveitina, hafði einkenni verksamnings, og voru greiðslur og skattaskil í samræmi við það. Verður því að fallast á það með sóknaraðila, að mál vegna samningsins falli utan verksviðs Félagsdóms, sbr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Ber þegar af þeirri ástæðu að taka kröfu hans til greina og vísa málinu frá Félagsdómi.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu fyrir Félagsdómi og Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

---